

Mosfellsbær
Tómas G. Gíslason,
umhverfisstjóri
Þverholti 2
270 Mosfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130800152/bs

Framkvæmda við Varmá í Mosfellsbæ. Umsögn

Vísað er til bréfs Mosfellsbæjar dagsett 28. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar í samræmi við 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Varmá sem er svæði nr. 139 á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun vill benda á að við stöð 1000 á *yfirlitsmynd á loftmynd* kemur fram að ráðgert sé að leggja stíg undir brú yfir Varmá. Stígurinn virðist þvera Varmá tvisvar auk þess sem hann er lagður meðfram bugðu á suðurbakka árinna.

Umhverfisstofnun telur að færa ætti brúna lengra til suðurs við stöð 1000 þannig að unnt væri að leggja stíg meðfram fyrirhuguðum vegi frá stöð 950 og undir brúna án þess að stígurinn þveri Varmá. Með því móti væri hægt að draga frekar úr áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmda á Varmá.

Umhverfisstofnun telur að við fyrirhugaða framkvæmd verði lögð áhersla á að raska ekki bökkum Varmár. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda framkvæmd.

Virðingarfyllst

A. Birna Guð.
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur